

Nr. 143 / 10 Týr**Skipverji slasast á hendi**

Skipaskr. nr. 1421
Smíðaður: Danmörk 1975, stál
Stærð: 916 brl. 1271 bt.
Mesta lengd: 71,15 m Skráð lengd: 63,55 m
Breidd: 10 m Dýpt: 8,1 m
Vél: MAN 6330 kW, 1974
Fjöldi skipverja:

Gögn:
Gögn RNS



Týr©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 8. apríl 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Jóhanni Ársælssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:


Þann 3. nóvember 2010 var varðskipið Týr við eftirlitsstörf á SV miðum. Veður: V 12 m/sek..

Skipverjar voru að koma að skipinu á hraðskreiðum léttbát skipsins, sem er af Springer gerð, sem átti að hífa um borð. Annar bátsverjinn hafði það hlutverk að húkka hífisylgju (áttu) í sleppikrók bátsins en honum tókst það ekki í fyrstu tilraunum. Í atgangnum við að koma áttunni í sleppikrókinn fann hann að hægri hendi sem hélt um „áttuna“ klemmdist. Tókst honum að lokum að koma áttunni upp á krókinn og var báturinn hífður um borð. Tók bátsverjinn þá vettlinginn af sér og kom þá í ljós að baugfingur var illa farinn bæði brotinn og tættur og sár var á löngutöng og litla fingri.


Slasaði var sóttur af þyrilu og komið undir læknishendur.

Við rannsókn kom fram:

- að í kranavírnum var lokaður krókur og í honum hékk „áttan“ en hún er milliliður á milli króksins og sleppikróks léttbátsins. Neðri hluta „áttunnar“ er rennt inn í krókinn sem er með læsingu þannig að ekki geti húkkast úr eftir að áttan er komin inn;



Á þessari mynd er áttunni lásað í gilsinn



Áttunni rennt í burðarvirki bátsins og festingu. Staða handfangs til hífingar

- að sleppikrókur bátsins er á málmgrind yfir vélarhlífinni og er festur niður í byrðing bátsins. Handfang er við sleppikrókinn sem notað er til að opna krókinn. Við sjósetningu er handfangið sett niður og opnast þá krókurinn og áttan losnar þegar slaki kemur á vírinn;
- að skipverjinn var lengi að koma áttunni í krókinn þar sem mikil hreyfing var á bátnum og þurfti hann að bera krókinn á öxlinni þegar mikill slaki kom á vírinn;
- að slasaði sagðist hafa verið á skipinu í átta eða níu túra og hafa fengið þjálfun og reynslu í meðferð léttbátsins.



Slasaði klemmist á losunarhandfangi burðarvirkis

Nefndarálit:

Orsök slysins má rekja til reynsluleysis slasaða við þær aðstæður sem hann fékkst við.